

AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS
2011-2022

GREINARGERÐ
STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

DRÖG TIL KYNNINGAR OG UMSAGNAR
OKTÓBER 2011

TEIKNISTOFA
ARKITEKTA

GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



SKÚTUSTAÐAHREPPUR

3. STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

3.1. LEIÐARLJÓS

Náttúrufegurð, landslag, lífríki og jarðhiti eru mikilvægar forsendur búsetu, atvinnulífs og aðdráttarafls Skútustaðahrepps.

Í Skútustaðahreppi skulu vera góð búsetuskilyrði. Þar skal vera öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf sem m.a. byggist á landsins gæðum og sérstöðu svæðisins.

Umhverfismál, náttúruvernd og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs.

Reykjahlið verði styrkt sem þjónustukjarni sveitarfélagsins.

3.2. LANDNOTKUN

- Styrkja skal búsetu og skapa svigrúm til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnustarfsemi án þess að ganga um of á náttúrufar og umhverfsgæði sveitarinnar.
- Kappkosta skal að atvinnustarfsemi og mannvirkjagerð hafi ekki í för með sér óafturkræfar breytingar sem í framtíðinni rýri sérstöðu og gildi Mývatns-sveitar fyrir óvenju litskrúðugt og fjölbreytt lífríki, landslag og jarðmyndanir.
- Landnotkun til hverskonar atvinnustarfsemi og mannvirkjagerðar miðist við að bæta yfirbragð og ásýnd sveitarfélagsins.
- Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landgæða.
- Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Landnotkun og breytingar á henni skulu fyrst og fremst miðast við að ekki verði skertir möguleikar til notkunar landsins til búvöruframleiðslu í framtíðinni.
- Stefnt er að því að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem fara vel á slíkum svæðum, geta styrkt atvinnulífið í sveitarfélaginu og falla vel að umhverfinu.

- Stefnt er að því að búfjárhald færist alfarið út úr þéttbýlinu í Reykjahlíð og sauðfjárbættir í sveitarfélaginu verði í lokuðum beitarhólfum.
- Á hálendinu skal einungis gera ráð fyrir göngu- og útivistarskálum/gangnamannaskálum og byggingum á skálasvæðum/hálendismiðstöðum í eigu opinberra aðila, samtaka eða ferðaþjónustu- og útivistarfélaga.
- Í Reykjahlíð verði öflug miðstöð opinberrar þjónustu, verslunar og annarrar þjónustu í góðum tengslum við íbúa sveitarfélagsins og ferðamenn.
- Á sérhæfðum iðnaðarsvæðum fyrir orkuvinnslu í Kröflu og Bjarnarflagi er stefnt að því að áfram verði unnið að virkjun jarðvarma til almennra nota og atvinnuuppbyggingar.
- Frístundabyggð verði takmörkuð við fá afmörkuð svæði.

3.3. BYGGÐAÞRÓUN OG BYGGÐAMYNSTUR

- Stefnt er að fallettri og aðlaðandi byggð með góðri byggingarlist sem m. a. felst í viðeigandi húsgerðum, innbyrðis samræmi og góðri aðlögun að eldri byggð og umhverfi.
- Ákvæði verði sett í deiliskipulagi sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s. s. um umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga.
- Vatnsmegin vegarins umhverfis Mývatn skal spornað við frekari nýbyggingum öðrum en þeim sem tengjast bæjar- og húsabyrpingum sem þar eru fyrir.
- Lögð er áhersla á uppbyggingu og eflingu Reykjahlíðar sem þungamiðju byggðar, verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu. Ekki er gert ráð fyrir að fjölga þéttbýliskjörnum í sveitarfélaginu umfram það sem orðið er.
- Stefnt er að því að byggðin í Reykjahlíð verði samfelld eftir því sem kostur er. Með nýbyggingum verði leitast við að bæta ásýnd og yfirbragð þéttbýlisins.
- Bygging frístundahúsa verði í takmörkuðum mæli heimil á lögbýlum/bújörðum samkv. ákveðnum reglum sem settar eru í aðalskipulagi.
- Bygging íbúðarhúsa án tengsla við búrekstur á núverandi lögbýlum verði heimil í takmörkuðum mæli þar sem aðstæður leyfa samkv. ákveðnum reglum sem settar verða í aðalskipulagi.



Mynd 3.1



Mynd 3.2

3.4. SAMGÖNGU- OG ÞJÓNUSTUKERFI

- Lögð er áhersla á gott skipulag samgöngukerfisins þar sem öryggi allra vegfarenda er í öndvegi.
- Skilgreindar verði göngu- og reiðleiðir í sátt við viðkvæma náttúru og umhverfi.
- Hugað verði að skilgreiningu nýrra vega um sveitina fjarri vatnsbökkum Mývatns vegna vaxandi gegnumaksturs þungaumferðar.
- Ekki er gert ráð fyrir nýjum akvegum á hálendinu en endurbætur og endurnýjun er þó heimil eftir því sem þörf krefur.
- Hugað skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir, m. a. við útfærslu og framkvæmd stígakerfis þéttbýlisins.
- Íbúar alls sveitarfélagsins skulu hafa aðgang að öflugum og öruggum fjarskiptum (sími, tölvusamband, sjónvarp/hljóðvarp).
- Tryggja skal aðgengi að góðu neysluvatni m. a. með vel skilgreindum vatnsverndarsvæðum.
- Fráveitumálum verði hogað í samræmi við ákvæði reglugerða þannig að ekki verði hætta á umhverfismengun.

3.5. UMHVERFISMÁL

- Tekið skal mið af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar við skipulag og uppbyggingu sveitarfélagsins.
- Stefnt er að því að búseta og náttúruvernd verði í sátt og með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Lögð er áhersla á að varðveita sem best landslag og ásýnd svæðisins.
- Sérstök náttúrufyrirbæri skulu njóta hverfisverndar. Þau svæði skulu skilgreind og lúta sérstökum hverfisverndarákvæðum.
- Unnið skal að varðveislu menningarminja.
- Skilgreina skal ný efnistökusvæði í sveitarfélaginu í samráði við landeigendur og mikilvæga notendur og loka og ganga frá námum sem ekki eru lengur notaðar.

- Skógræktaráætlanir verði í samræmi við verndaráætlun sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár.
- Skógræktaráætlanir skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar.
- Þróaðar verði viðmiðunarreglur um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.
- Í skógræktaráætlunum skal fyrst og fremst miðað við innlendar trjátegundir. Það á sérstaklega við um verndarsvæði Mývatns og Laxár.